

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Taka ber félagsbú málsaðilja, þrotabús Ómars Egilssonar og Katrínar Valentínusdóttur, til opinberrar skiptameðferðar.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 24. mars 1980.

Nr. 28/1980. **Ingibjörg Eggertsdóttir**
 gegn
Eggert Ó. Sigurðssyni
Sigurði Eggertssyni og
Böðvari Bragasyni, skiptaráðanda í
Rangárvallasýslu.

Kærumál. Skiptamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru 27. febrúar 1980, sem barst Hæstarétti 5. mars s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Rangárvallasýslu, uppkveðinn 19. febrúar 1980. Krefst hún þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir skiptaráðanda að láta fram fara „opinbera uppskriftar- og virðingargerð á dánar- og félagsbúi foreldra kæranda, þ. e. Önnu Sigurðardóttur, sem andaðist 11. maí 1949, og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar, þegar í stað“. Hún krefst einnig kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja Eggerts Ó. Sigurðssonar.

Af hálfu varnaraðilja Eggerts Ó. Sigurðssonar er krafist

staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Engar kröfur eru gerðar á hendur varnaraðiljunum Sigurði Eggertssyni og Böðvari Bragasyni skiptaráðanda og engar kröfur gerðar af þeirra hálfu.

Anna Sigurðardóttir, Amundakoti í Fljótshlíð, lést 11. maí 1949. Bú hennar og eftirlifandi eiginmanns hennar, Eggerts Ó. Sigurðssonar, varnaraðilja í máli þessu, var skrifað upp og virt af hreppstjóra með einum votti 14. desember s. á. Við framkvæmd gerðar þessarar brast nokkuð á, að farið væri að lögum. Vottur var einn, eins og fyrr segir, en þeir skyldu vera tveir samkvæmt 16. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Ekki var hinum ófjárráða erfingjum skipaður fjárhaldsmaður, er gæti gætt hagsmuna þeirra við gerðina, sbr. 14. gr. sömu laga. Samkvæmt uppskriftargerðinni eru skuldir 1.711 krónum hærri en eignir. Þess er þó að gæta, að jörðin Amundakot virðist ekki hafa verið metin til verðs, heldur hefur fasteignamat hennar, 12.200 krónur, verið lagt til grundvallar. Kaupverð jarðarinnar 7 árum áður hafði þó að sögn varnaraðilja Eggerts Ó. Sigurðssonar verið 15.000 krónur. Meðal skulda eru taldar skuldir við ýmsa 6.000 krónur án sundurliðunar, og eru engin gögn í máli þessu, er renni stöðum undir þennan skuldalið. Samkvæmt þessu verður við það að miða, að skilyrði hefðu verið til þess að veita varnaraðilja Eggert Ó. Sigurðssyni leyfi til setu í óskiptu búi með ófjárráða börnum sínum eftir lát eiginkonu sinnar 1949. Af gögnum máls verður séð, að áðurgreind uppskriftar- og virðingargerð hefur verið send skiptaráðanda. Aldrei tók hann þó búið í sína umsjá né gerði reka að því, að búskipti færu fram. Sóknaraðili hefur haft full umráð búsins síðan kona hans lést. Eignir þess og skuldir eru allt aðrar nú en þær voru, er Anna Sigurðardóttir lést, og búinu hefur ekki verið skipt. Við þessar aðstæður þykir verða að fara með bú þetta, eftir að krafa um opinber skipti hefur komið fram, eins og varnaraðili Eggert Ó. Sigurðsson hefði setið í óskiptu búi eftir andlát eiginkonu sinnar. Ber skiptaráðanda því að láta skrifa upp og virða eignir og skuldir óskipts bús varnar-

aðilja Eggerts Ó. Sigurðssonar og Önnu Sigurðardóttur, eins og það er nú, og miða skiptin við þá uppskriftar- og virðingargerð.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Skiptaráðandi skal láta fram fara uppskriftar- og virðingargerð á óskiptu búi Eggerts Ó. Sigurðssonar og Önnu Sigurðardóttur, eins og það er nú.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Rangárvallasýslu 19. febrúar 1980.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 15. febrúar sl. og upp er risið við skipti á dánarbúi Önnu Sigurðardóttur, Ámundakoti, Fljótshlíðarhreppi, sem lést 11. maí 1949, varðar ágreining um uppskrift búsins sem grundvöll skiptameðferðar. Erfingjar búsins eru: Eftirlifandi maki, Eggert Ó. Sigurðsson, fæddur 4. ágúst 1916, til heimilis að Smáratúni, Fljótshlíðarhreppi, tvö börn þeirra hjóna, Ingibjörg Eggertsdóttir, fædd 11. mars 1947, til heimilis að Stórateigi 21, Mosfellssveit, og Sigurður Eggertsson, fæddur 20. september 1942, til heimilis að Efri-Þverá, Fljótshlíðarhreppi.

Skiptabeiðandi og sóknaraðili máls þessa er Ingibjörg Eggertsdóttir.

Varnaraðili er Eggert Ó. Sigurðsson.

Sigurður Eggertsson hefur lýst sig andvigan aðild að málinu.

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að dánar- og félagsbú foreldra hennar, Önnu Sigurðardóttur, sem andaðist 11. maí 1949, og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar, verði þegar í stað tekið til opinberrar uppskriftar- og virðingargerðar. Þá krefst sóknaraðili og málskostnaðar. Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að lokið verði búskiptum á dánarbúi Önnu Sigurðardóttur í framhaldi af uppskrift, er fram fór hinn 14. desember 1949. Jafnframt gerir varnaraðili kröfu til þess, að synjað verði beiðni sóknaraðilja um, að uppskrift verði endurtekin. Þá er þess krafist, að sóknaraðilja verði gert að greiða varnaraðilja hæfilegan málskostnað í þessum þætti málsins.

Ítrekaðar sáttumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur. Málavextir.

Aðdragandi máls þessa er sá, að með bréfi, dags. 17. júlí 1979, fór sóknaraðili þess á leit við sýslumann Rangárvallasýslu, að fram færu opinber skipti á dánarbúi Önnu Sigurðardóttur, Ámundakoti, Fljótshlíð. Beiðni þessari var mótmælt af hálfu varnaraðilja, Eggerts Ó. Sigurðssonar.

Skiptaréttinum var falið ágreiningsefnið til úrlausnar, og með úrskurði, uppkveðnum í skiptarétti Rangárvallasýslu hinn 19. nóvember 1979, var kröfu sóknaraðilja um opinber skipti synjað. Úrskurðinum var skotið til Hæstaréttar, þar sem dómur féll í málinu hinn 17. desember 1979 og á þá lund, að dánarbú Önnu Sigurðardóttur skyldi tekið til opinberra skipta.

Í forsendum dóms Hæstaréttar, sem er meðal framlagðra skjala í máli þessu, segir svo m. a.: „Líta ber á uppskrift þá, sem að framan greinir, sem fyrstu aðgerðir opinberra skipta, sbr. 15. og 16. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Af gögnum máls þessa verður ekki séð, að varnaraðili Eggert hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi.“

Hinn 1. febrúar sl. var síðan fram haldið opinberri skiptameðferð dánarbús Önnu Sigurðardóttur fyrir skiptarétti Rangárvallasýslu. Í þinghaldi þessu voru bókaðar kröfur aðilja og málinu frestað til sameiginlegrar gagnaöflunar.

Hinn 15. febrúar sl. lögðu aðiljar fram greinargerðir sínar, gagnaöflun lauk, og var málið tekið til úrskurðar þann dag að loknum munnlegum málflutningi, svo sem fyrr greinir.

Í máli þessu hafa verið lögð fram og þingmerkt sem dskj. nr. 4 frumskjöl nr. 1—11 í hæstaréttarmálinu nr. 213/1979, þ. m. t. uppskriftargerðin frá 14. desember 1949. Gerð er grein fyrir gögnum þessum í úrskurði skiptaréttarins frá 19. nóvember sl., og verða þau ekki frekar rakin hér.

Ekki þykir ástæða til að rekja gögn máls þessa frekar.

Málsástæður og lagarök.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt dómi Hæstaréttar í málinu nr. 213/1979 sé skylt að taka kröfur sínar til greina um, að búið verði tekið til opinberra skipta. Hrundið hafi verið andmælum mótaðilja og sáttatilaunir reynst árangurslausar. Sú uppskrift, er fyrir liggir, frá 14. desember 1949, sé þannig framkvæmd, að hún sé algerlega þýðingarlaus, enda þá hugsanlegu skiptamáli eigi rétt fram haldið eða rétt haldið til laga.

Auk þess séu þær eignir, er upp eru taldar þar, nú eigi fyrir hendi né hægt að staðreyna þær. Upptalning skulda sé og á þann

veg, að um markleysu sé að ræða. Sóknaraðili vísar í þessu efni til framlagðra skjala og gagna í skiptamálinu nr. 3/1979 svo og hæstaréttarmálinu nr. 213/1979.

Því sé haldið fram af mótaðilja, að uppskrift nú eigi ekki fram að fara. Þó í forsendum dóms Hæstaréttar segi, að líta beri á uppskrift þá, er fram fór, sem fyrstu aðgerðir opinberra skipta, sé þar ekki að finna neina staðfestingu, að leggja beri þá uppskrift nú til grundvallar 30 árum seinna, enda beinlínis fram tekið í áðurgreindum forsendum, að uppskriftin hafi verið framkvæmd af hreppstjóra og einum virðingarmanni, sem sé andstætt lögum, enda komi fram, að ekki hafi verið um neina raunverulega virðingargerð að ræða, svo sem lög mæla fyrir um, sbr. og áður framlagðar greinargerðir. Þær eignir, er taldar séu fram í áðurgreindri uppskriftargerð, séu og ekki nú fyrir hendi og geti því ekki orðið grundvöllur skipta. Vakin er og athygli á því, að fram sé tekið í dómsorði Hæstaréttar, að búið skuli nú tekið til skipta, en ekki að skiptum skuli fram haldið, eins og hefði verið, ef staðhæfing mótaðilja fengi staðist. Búið sé því nú fyrst til löglegrar skiptameðferðar og gefi auga leið, að staðreyna beri efnahag þess nú, er búið sé tekið til skipta, sbr. fyrrnefndan dóm Hæstaréttar. Staðreyna þurfi nú eignir búsins með lögmati uppskriftar- og virðingargerð, þar sem sbr. dómsorð Hæstaréttar í áðurnefndu máli segi, að búið skuli tekið til opinberra skipta. Ekki sé hægt að taka bú til opinberra skipta, sem fyrir er í opinberum skiptum.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á því, að þar sem uppskriftin, sem fram fór hinn 14. desember 1949, hafi verið fyrstu aðgerðir opinberra skipta, sbr. 15. og 16. gr. skiptalaga nr. 3/1878, beri að ljúka búskiptum í framhaldi af henni, enda hafi varnaraðili ekki setið í óskiptu bú síðan, sbr. hæstaréttardóminn frá 17. des. sl.

Vaðandi uppskriftar- og virðingargerð dánarbúsins, er fram fór hinn 14. desember 1949, hafi Hæstiréttur þegar kveðið á um, að séu fyrstu aðgerðir opinberra skipta í máli þessu. Með því hafi því verið slegið föstu af Hæstarétti, að uppskriftin sé í alla staði gild. Útilokað sé nú að finna fram og skrifa upp eignir búsins, eins og þær voru á þessum tíma, eða framreikna verð jarðarinnar, sem var lítt ræktuð og húslítill á þessum tíma. Þá sé erfitt að meta og virða að nýju skuldir búsins, því ef eignunum verður breytt, t. d. með nýju matsverði, yrði að leggja sams konar og sama mat á skuldirnar og slíkt sé ekki viðlit.

Eignir voru taldar nema alls kr. 79.770, en skuldir búsinu námu alls kr. 81.481, þannig að gamla búið, sem um sé fjallað í máli þessu, eigi ekki fyrir skuldum. Varnaraðili hafi skýrt frá því fyrir rétti, að uppskriftargerðin hafi verið mjög ítarleg, t. d. hafi verið skrifaðir upp ónýtir hlutir, svo sem sláttuvél og reipi, auk þess hafi verið skrifaðar upp bækur, sem voru búinu að miklu leyti óviðkomandi. Þá hafi kommóða, sem keypt var á kr. 90, verið metin á kr. 130. Jörðin hafi verið metin á þágildandi fasteignamati, en ekki kvaðst varnaraðili geta sagt um það, hvort það hafi verið raunverð jarðarinnar á þeim tíma. Erfitt hafi verið að selja jarðir á þessum tíma og jarðaverð lægra en árið 1942, er varnaraðili keypti jörðina Ámundakot. Þegar varnaraðili keypti jörðina, hafi íbúðarhúsið verið eina mannvirkið á jörðinni, en það hús brann árið 1951 ásamt öllu innbúi. Árið 1949 var búið að byggja hlöðu á jörðinni, og herbraggi, sem keyptur var á kr. 500, var notaður sem fjós. Land jarðarinnar var að mestu ógirt og óræktað. Varnaraðili hafi byggt nýtt hús á jörðinni eftir brunann og reynt að selja jörðina 1954, sem þó hafi ekki tekist. Varnaraðili taldi sig ekki þurfa samþykki skiptaráðanda til ráðstöfunar á jörðinni, enda ekkert um slíkt skráð í þinglýsingarbækur sýslumannsembættisins á Hvolsvelli. Varnaraðilja sé það nú fyrst ljóst eftir uppkvaðningu dóms Hæstaréttar í des. sl., að félagsbú hans telst hafa verið undir opinberum skiptum, sem ljúka þurfi.

Varðandi jörðina og virðingarmat hennar bendir varnaraðili á, að er uppskrift fór fram árið 1949, þá giltu um fasteignamat lög nr. 65/1945. Þar segi í 2. gr., að hver fasteign skuli metin sanngjörnu söluverði. Þess vegna var uppskriftin að þessu leyti óvefngjanleg.

Búskiptum skuli ljúka með þeim hætti, að þar sem í ljós hafi komið, að búið hafi ekki átt fyrir skuldum, er uppskrift lauk, en eftirlifandi maki hafi í raun tekið við greiðslu skuldanna og tekist að ljúka þeim með afrakstri vinnu sinnar, eftir að uppskriftargerð fór fram, þá sé ekki meira um að fást í sambandi við þessi búskipti og skuli þau formlega felld niður.

○ Niðurstaða.

Svo sem fram hefur komið, hófst opinber skiptameðferð búsinu með uppskriftargerð hinn 14. desember 1949. Skiptum þessum lauk hins vegar ekki, og varnaraðili fékk ekki leyfi skiptaráðanda til setu í óskiptu búi. Réttarreglur og lagasjónarmið um óskipt bú koma því ekki til álita við skiptameðferð nú, en

skýra ber réttarstöðu varnaraðilja í því sambandi með hliðsjón af ákvæðum 5. kapitula skiptalaga nr. 3/1878, sbr. og 47. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20/1923, enda verður að telja, að varnaraðili hafi í raun ábyrgst skuldir búsins.

Til grundvallar skiptameðferðinni ber því að leggja stöðu búsins, eins og hún var við upphaf skipta hinn 14. desember 1949 og án tillits til þess, sem varnaraðili hefur síðar eignast.

Líta ber því á uppskriftargerðina frá 14. desember 1949 sem grundvöll við skipti búsins nú.

Samkvæmt framansögðu verður eigi fallist á þá kröfu sóknaraðilja, að uppskrift fari fram að nýju, og ber að synja þeirri kröfu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Kröfu sóknaraðilja, Ingibjargar Eggertsdóttur, um opinbera uppskrift og virðingargerð á dánar- og félagsbúi Önnu-Sigurðardóttur og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar, er synjað.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 26. mars 1980.

Nr. 38/1976. **Einar Th. Hallgrímsson**
(Sigurður Reynir Pétursson hrl.)
gegn
Ólafi Ragnari Sigurðssyni
Karli Helgasyni og
Magnúsi Ásgeirssyni
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.